

FUNDARGERÐ

Fundur nr. 155 í stjórn Herjólfss ohf., haldinn 28. maí 2026 kl. 16:30 á skrifstofu félagsins að Básaskersbryggju.

Mætt voru: Páll Scheving Ingvarsson, Sigurbergur Ármannsson, Rannveig Ísfjörð, Björg Þórðardóttir, Helga Kristín Kolbeins, Einar Gunnarsson, Aníta Óðinsdóttir, Ólafur Jóhann Borgþórsson, framkvæmdarstjóri og Ása Ingibergsdóttir, fjármálastjóri.

Á dagskrá fundarins voru þrjú dagskrárliðir

1. Farþegatölur apríl 2026

Framkvæmdarstjóri fór yfir farþegatölur í apríl 2026. Farþegafjöldi var í sögulegu lágmarki í apríl 2026. Erfiðlega gekk að halda Landeyjahöfn opinni og Herjólfur hefur þurft að sigla á einni skráðu vegna bilunar í rafmótor. Af þeim sökum var nær eingöngu siglt til og frá Þorlákshöfn í apríl. Heildarfjöldi farþega í mánuðinum var því 13.605 samanborið við 30.605 farþega í apríl 2025, sem nemur 57% samdrætti milli ára. Fjöldi fluttra farartækja dróst saman um 49% frá sama tímabili árið áður og fraktflutningar voru 23% minni en í apríl 2025.

2. Rekstartölur

Fjármálastjóri fór yfir rekstartölur fyrir apríl 2026. Mánuðurinn var erfiður vegna áfalla í samgöngum. Orkukostnaður í apríl 2026 var 225% hærrí en í apríl 2025 vegna lokunar Landeyjahafnar. Í heildina var tekjuskerðing 15% milli ára. Afkoma félagsins eftir fyrstu fjóra mánuði ársins er neikvæð og töluvert undir áætlun. Ljóst er að þær rekstrartruflanir sem orðið hafa á tímabilinu hafa haft veruleg áhrif á afkomu félagsins.

3. Önnur mál

Stjórn Herjólfss lýsir yfir verulegum áhyggjum af stöðu samgangna milli lands og Vestmannaeyja. Sandsöfnun í og við Landeyjahöfn hefur hamlað siglingum þangað auk þess sem mikil vandkvæði hafa skapast vegna bilunar í rafmótor sem knýr stjórnborðsskrúfunu. Stjórn samþykkti kaup á tveimur mótorum til að tryggja rekstraröryggi og auka viðbúnað gagnvart frekari ófyrirséðum áföllum. Ljóst er að félagið þarf að búa yfir nægilegum fjárhagslegum styrk til að mæta óvæntum rekstraráföllum af þeim toga sem upp hafa komið á síðustu vikum og mánuðum. Stjórn Herjólfss samþykkti því 4% hækkun gjaldskrár. Áður en hækkunin tekur gildi verður ákvörðunin kynnt Vegagerðinni og bæjarráði Vestmannaeyjabæjar.

Næsti stjórnarfundur er áætlaður 23. júní 2026.

Fundi slitið kl. 18:30.

Fundargerð ritaði Björg Þórðardóttir.